

## SAMÞYKKT

### um búfjárhald í Ísafjarðarbæ.

#### 1. gr.

Tilgangur samþykktar þessarar er að tryggja sem best eftirlit, skipulag og stjórn búfjárhalds í Ísafjarðarbæ, koma í veg fyrir að gróðurlendi sé spillt og ágang búfjár á lóðir í þéttbýliskjörnum sveitarfélagsins. Ennfremur að hafa eftirlit með að hús fyrir búpening og önnur aðstaða sé þrífaleg og vel við haldið, í samræmi við lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum og ákvarðanir bæjarstjórnar á hverjum tíma.

Bæjarstjórn getur falið landbúnaðarnefnd bæjarins framkvæmd málaflokksins.

#### 2. gr.

Búfjárhald í Ísafjarðarbæ, utan lögbýla, er óheimilt án leyfis bæjarstjórnar.

Sá sem hyggst sækja um leyfi til búfjárhalds skal senda skriflega umsókn til bæjarstjórnar. Í umsókninni skal tilgreina tegund búfjár, fjölda þess og húsakost. Ennfremur skal fylgja umsókninni staðfesting á aðgengi að hagagöngu og beitilandi, eftir því sem við á.

Óheimilt er að veita leyfi til búfjárhalds nema á svæðum sem skipulögð eru undir búfjárhald.

#### 3. gr.

Telji bæjarstjórn að umsækjandi uppfylli þau skilyrði sem krafist er, skal veita honum leyfi til búfjárhalds og skal það takmarkast við ákveðinn fjölda búfjár. Búfé skal greinilega markað eða merkt leyfishafa í samræmi við reglugerð um búfjármörk, markaskrár og takmörkun á sammerkingum búfjár nr. 200/1998, ásamt síðari breytingum. Veitt leyfi skuldbindur Ísafjarðarbæ ekki til að sjá leyfishöfum fyrir beitilandi eða hagagöngu. Leyfi er gefið út á nafn og er ekki framseljanlegt. Leyfið er háð samþykkt þessari og er uppegjanlegt með eins árs fyrirvara miðað við 15. júní.

Ef leyfishafi brýtur gegn lögum um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991 eða gegn þessari samþykkt má afturkalla leyfið með viku fyrirvara.

Ef búfé er haldið í Ísafjarðarbæ án leyfis, er bæjarstjórn heimilt að krefjast þess að lögreglustjóri taki viðkomandi búfé úr vörslu búfjáreiganda.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjald fyrir leyfi til búfjárhalds, til að standa undir kostnaði við búfjárhaldið í samræmi við 12. gr. laga um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991.

#### 4. gr.

Öll lausaganga búfjár innan girðinga sem umlykja alla þéttbýliskjarna Ísafjarðarbæjar er bönnuð. Búfé sem gengur laust innan girðinganna skal handsamað og tekið í vörslu, sbr. 3. og 4. gr. reglugerðar um vörslu búfjár nr. 59/2000. Ráðstöfun búfjárins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl., með síðari breytingum, svo og sérstökum ákvæðum í viðkomandi fjallskilasamþykkt.

Lausaganga hrossa í landi Ísafjarðarbæjar er óheimil. Gangi hross laus í landi Ísafjarðarbæjar, er heimilt að grípa til ráðstafana sem að ofan greinir, enda hafi eigandi hrossa ekki gert ráðstafanir til að halda þeim innan ákveðins afmarkaðs svæðis.

5. gr.

Þeir, sem við gildistöku þessarar samþykktar, eiga eða hafa í umsjón sinni búfé sem fellur undir ákvæði hennar, skulu tilkynna búfjárhald sitt til bæjarstjórnar og sækja um leyfi til búfjárhalds innan tveggja mánaða frá gildistöku þessarar samþykktar.

6. gr.

Rísi mál út af þessari samþykkt skal með það farið að hætti opinberra mála.

7. gr.

Samþykkt þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, er sett í samræmi við lög um búfjárhald, forðagæslu o.fl. nr. 46/1991, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 349/1984 um búfjárhald í Ísafjarðar-kaupstað.

*Landbúnaðarráðuneytinu, 20. desember 2001.*

**Guðni Ágústsson.**

*Ingibjörg Ólöf Vilhjálmsdóttir.*